

Annar fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga b.s. haldinn 27. febrúar 2013 kl. 12:00 á Selfossi.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson og Drífa Kristjánsdóttir. Aldís Hafsteinsdóttir boðaði forföll vegna veikinda.

Stjórnin hafði óskað eftir því við stofnanir Héraðsnefndarinnar að hún vildi gjarnan heimsækja þær þennan dag og því var farin í ferð um allar stofnanirnar nema Listasafn Árnesinga en þar stóð illa á að taka á móti stjórn. Listasafnið verður því heimsótt síðar.

- Stjórnin mætti í Héraðsskjalasafn Árnesinga kl. 9:00 og tók Þorsteinn Tryggvi Mátsson á móti stjórn og kynnti starf Héraðsskjalasafnsins.
- Tónlistarskóli Árnesinga var heimsóttur kl. 10:00 og tóku Róbert Darling og Helga Sighvatsdóttir á móti stjórn, sýndu húsakynni skólans á Eyrarvegi 9 og fóru síðan yfir kynningu á starfi skólans.
- Brunavarnir Árnesinga voru næsti áfangastaður framkvæmdastjórnar og tóku Kristján Einarsson og Pétur Pétursson á móti stjórn, fóru yfir starfsemi Brunavarna og sýndu framkvæmdastjórn ný húsakynni á Selfossi.
- Byggðasafn Árnesinga var heimsótt kl. 13:15 og komið fyrst við í Mundaskemmu en þar tók Lýður Pálsson á móti stjórn. Lýður sagði frá hlutum sem geymdir eru í Mundarskemmu. Síðan var farið á skrifstofur Byggðasafnsins og skoðir munir í geymslu safnsins.
- Haldinn var stjórnarfundur á Kaffi Krús kl. 12:15 og lýstu menn ánægju sinni heimsóknir á sameiginlegar stofnanir Héraðsnefndar Árnesinga b.s.

Áréttað er að vorfundur Héraðsnefndarinnar verður haldinn þann 8. maí n.k. á Þingborg.

Ferð stjórnar lauk á Eyrarbakka kl. 14:15.

Ari B. Thorarensen

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir, fundarritari.